

Sp.

837. Þingsályktun

[105. mál]

um verksmiðjuframleidd húsa.

(Afgreidd frá Sp. 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á árunum 1979—80 ýtarlega könnun á hagkvæmni verksmiðjuframleiddra húsa. Verði niðurstöður könnunarinnar jákvæðar verði hafin skipuleg áætlunargerð í þessu efni. Stuðst verði við reynslu annarra þjóða og þá reynslu og þekkingu, sem hér er þegar fengin. Kannað skal sérstaklega hvernig framleiðsla og í hvaða formi hentar best til lækkunar byggingarkostnaðar, svo og skulu landshlutasjónarmið höfð rækilega til hliðsjónar við áætlunargerð og aðgerðir allar.